

## 7. gr.

Lágmarksgjaldskrá samkv. 6. gr. skal auglýst í Lögbirtingablaðinu. Gjaldskrá gildir þangað til öðruvísi verður auglýst. 12 21. jan.

## 8. gr.

Samningagerð við Ríkisútvarpið og aðra aðila, svo og samningu gjaldskrár samkv. 6. gr., skal stjórn Bandalagsins annast samkvæmt tillögum og að fengnu samþykki þess höfundafélags Bandalagsins, sem hagsmuna hefur að gæta í sambandi við samning eða gjaldskrá.

## 9. gr.

Reki Bandalag íslenzkra listamanna skrifstofu til að annast samninga um flutningsrétt og innheimtu á greiðslum fyrir flutning, er skylt að greiða þeirri skrifstofu innheimtubóknun samkvæmt gjaldskrá, er Bandalagið setur, hvort sem greiðslan fer um hennar hendur eða eigi. Fari greiðslan ekki um hendur skrifstofunnar, ber þeim, sem greiðir fyrir flutninginn, að halda innheimtubóknuninni eftir og greiða hana skrifstofunni.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49 frá 14. apríl 1943, og koma þau lög til framkvæmda með staðfestingu hennar, sbr. 3. gr. laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 21. janúar 1947.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUR

### um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

13

22. jan.

## 1. gr.

Enginn einstaklingur eða fyrirtæki má án leyfis atvinnumálaráðuneytisins gera sér að atvinnu að flytja fólk eða varning hér á landi með loftförum.

## 2. gr.

Nú veitir atvinnumálaráðuneytið einstaklingi eða félagi leyfi til loftflutninga og er það þá, auk sérstakra skilyrða, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu og almennra ákvæða laga nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, bundið þeim skilyrðum, er sett eru í reglum þessum.

## 3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið veitir leyfi til loftflutninga til 5 ára í senn.

## 4. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um fargjöld fyrir fólk og varning, sem atvinnumálaráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til að lækka fargjöld á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá áður en lækkunin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu lækkun.

## 5. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra skýrslu um reksturinn hvern mánuð, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi flugmálastjóra, til þess að fá vitneskju um rekstursafkomu einstakra flugvéla og flugleiða og einnig hvernig fullnægt hafi verið flutningaþörfinni á hverri flugleið.

13 Skýrslur þessar ber að afhenda flugmálastjóra innan 30 daga frá lokum þess mán-  
22. jan. aðar er skýrslan nær yfir.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félags-  
ins fyrir liðið ár í því formi, er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga, og er þá flugmála-  
stjórninni heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta leyfis-  
hafa flugleyfi um stundarsakir.

#### 6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til flugferða á sér-  
stökum flugleiðum, eða frá og til ákveðins landingarstaðar eða byggðarlags. Sér-  
leyfið getur verið einkaleyfi eða takmarkað við ákveðna tölu flugferða. Einkaleyfi  
fyrir ákveðna flugleið skal þó bundið því skilyrði, að sérleyfishafi fullnægi flutn-  
ingabörfinni.

Atvinnumálaráðuneytið, eða flugmálastjóri fyrir þess hönd, setur nánari reglur  
varðandi sérleyfi.

#### 7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið, eða flugmálastjóri fyrir þess hönd, getur skyldað leyfis-  
hafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum, er leyfishafi  
hefur óskað að starfrækja, jafnvel þótt ekki sé um einkaleyfi eða takmarkað sér-  
leyfi að ræða.

#### 8. gr.

Leyfishafa er skylt að tryggja áhöfn og farþega gegn dauða og slysförum  
með ekki lakari tryggingarkjörum fyrir hina tryggðu en þeim, sem hægt er að fá  
á hverjum tíma hjá Tryggingastofnun ríkisins. Skal þess getið á farseðlum að far-  
þegi sé tryggður og hin almennu ákvæði Tryggingastofnunar ríkisins varðandi  
slysa- og örorkutryggingar prentuð aftan á farseðilinn.

Um ábyrgðarskyldu fer eftir ákvæðum 31.—34. gr. laga nr. 32/1929.

#### 9. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um tölu áhafnar á hin-  
um ýmsu flugvélagerðum og skal flugmálastjóri úrskurða hverjir teljast hæfir til  
hinna ýmsu fluglíðsstarfa, þar með taldir flugvélavirkjar.

#### 10. gr.

Ef atvinnumálaráðuneytið skipar nefnd til þess að gera tillögur um skipulagn-  
ingu loftflutninga og veitingu sérleyfa, skal leita álits hennar um deiluatríði, sem  
kunna að rísa milli leyfishafa, og um kærur, sem fram kunna að koma á hendur  
þeim.

#### 11. gr.

Reglur þessar ná ekki til þeirra aðila, sem aðeins gera sér að atvinnu að annast  
tækifærisferðir, þar með talið hringflug í nágrenni landingarstaðar í flugvélum,  
sem rúma 4 farþega eða færri. Hins vegar skal slíkt flug háð þeim skilyrðum, er  
flugmálastjóri setur um öryggi, rekstur og fargjöld, og um það, hvaða flugferðir  
teljist til tækifærisferða. Slík leyfi má veita til ákveðins tíma í senn og eru þau  
afturkallanleg, hvenær sem ástæða er til að dómi flugmálastjóra.

#### 12. gr.

Viðurlög við brotum á reglum þessum eru hin sömu og greinir í lögum um  
loftferðir.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, til þess að öðl-  
ast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 22. janúar 1947.*

**Áki Jakobsson.**

*Gunnl. E. Briem.*